

um kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna. Dráttur á uppsögn hans stafar af embættisönnum.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Hjörleifur Eliasson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kjartans Milners, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 9. júní 1947.

Nr. 13/1945. Síldarverksmiðjur ríkisins

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Kaupfélagi Eyfirðinga og gagnsök

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébóta krafizt vegna vanefnda loforðs um sölu síldarmjöls.

Dómur hæstaréttar.

Hannes Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógeta á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1945. Krefst hann algerrar sýknu í málinu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 21. marz 1945 áfrýjað málinu með stefnu 22. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 36530.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 36000.00 frá 10. nóv. 1942 og af kr. 530.00 frá 6. apríl 1943 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í hér-aði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með þingsályktun 20. ágúst 1942 ákvað Alþingi, að Síldarverksmiðjur ríkisins skuli selja síldarmjöl til notkunar

innan lands á árinu 1942 sama verði og árið 1941, enda greiði rikissjóður sildarverksmiðjunum mismuninn á þessu verði og almennu markaðsverði erlendis. Samkvæmt þessu var verð sildarmjöls ákveðið í sölu innan lands kr. 320.00 hver smálest, en að því er segir í skýrslu aðaláfrýjanda frá júní 1943, nam meðalverð á útfluttu sildarmjöli kr. 518.80 hver smálest.

Í bréfi Búnaðarfélags Íslands til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 5. ágúst 1942, getur Búnaðarfélagið þess, að óvenjulega mikil þörf muni verða fyrir fódurbæti til skepnufóðurs á komanda vetri. Áætlað Búnaðarfélagið, að þurfa muni 6500 smálestir af sildarmjöli alls til notkunar innan lands. Í septembermánuði 1942 kom í ljós, að pantanir á sildarmjöli til fódurbætis urðu miklu meiri en ráð hafði verið fyrir gert, og að sildarmjölshirgðir þær, er þá voru fyrir hendi, mundu ekki hrökkva til að fullnægja pöntunum. Leiddi þetta til þess, að atvinnumálaráðuneytið lagði fyrir aðaláfrýjanda 20. okt. 1942 að afgreiða aðeins 60% af upphaflegum pöntunum. Er þá talið, að sildarmjölshirgðir hafi numið alls um 6000 smálestum, en óafgreiddar pantanir um 9100 smálestum. Jafnframt ákvað ráðuneytið, að hirgðir þær af sólþurrkuðu fiskimjöli, er þá voru til í landinu, skyldu seldar til fódurbætis innan lands. Virðast hirgðir þessar hafa numið tæpum 2000 smálestum. Ákvað ráðuneytið, að verð á fiskimjölinu skyldi verða 320 krónur hver smálest, en til þess að svo gæti orðið, varð rikissjóður að bæta framleiðendum fiskimjölshirgðis með 150 krónum hverja smálest.

Hinn 4. sept. 1942 átti einn af fyrirsvarsmönnum gagnáfrýjanda tal í síma við skrifstofustjóra aðaláfrýjanda um kaup á sildarmjöli. Með símskeyti til gagnáfrýjanda sama dag staðfesti aðaláfrýjandi, að hann hafi selt honum 300 smálestir af sildarmjöli. Í máli þessu skýrði gagnáfrýjandi svo frá í héraði, að í nefndu símtali hafi hann upphaflega beðið um 400—500 smálestir sildarmjölshirgðis, og hinu sama hefur hann haldið fram í símskeyti til aðaláfrýjanda 22. okt. 1942. Fyrir hæstarétti hefur því verið andmælt af hálfu aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi pantað meira en 300

smálestir, og styður aðaláfrýjandi þetta við yfirlýsingu þáverandi framkvæmdarstjóra Sildarverksmiðja ríkisins, sem lögð hefur verið fram í hæstarétti. Framangreindri skýrslu gagnáfrýjanda var að visu ekki andmælt í flutningi máls þessa í héraði, en eins og kröfugerð gagnáfrýjanda var hátt-að, skipti þetta atriði þar ekki máli, þar sem einungis var krafizt bóta vegna vanefnda á afhendingu þeirra 300 smá-lesta, sem ræðir um í símskeytinu frá 4. sept. 1942. Svo verður og ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi svipt sig rétti til að bera þetta fyrir sig, þó að hann léti ósvarað áðurnefndu símskeyti frá 22. okt. 1942, sem ekki gaf tilefni til svars að þessu leyti. Þykir gagnáfrýjandi ekki hafa leitt sönnur að því, að hann hafi pantað meira en 300 smálestir sildarmjòls hinn 4. sept. 1942.

Í máli þessu reisir gagnáfrýjandi kröfu sína til skaðabóta á því, að kaup hans á 300 smálestum sildarmjòls, er í málinu getur, hafi verið fastráðin með símskeyti aðaláfrýjanda 4. sept. 1942, og hafi ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins um það, að einungis skyldu afhent 60% af pöntuðu sildarmjòli, ekki getað haggð rétti hans. Þau kaup, sem hér um ræðir, lúta ákvæðum 12. gr. laga um Sildarverksmiðjur ríkisins nr. 1/1938. Samkvæmt þeirri grein er aðaláfrýjanda skylt að selja samvinnufélögum og öðrum þeim aðiljum, sem þar greinir, sildarmjòl við því verði, sem ríkisstjórnin ákveður, enda hafi aðiljar þessir pantað fyrir 30. september ár hvert það sildarmjòl, sem þeir telja sig þurfa og aðaláfrýjandi getur látið af höndum. Með því að þannig er lögð söluskylda á aðaláfrýjanda um óákveðið magn sildarmjòls, þykir eðlilegast að skilja ákvæði þetta á þann veg, að fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda geti ekki lofað ákveðnu magni, svo bindandi sé, fyrir en hinn lögákveðni frestur er liðinn og sýnt er, hvort eða að hve miklu leyti unnt er að fullnægja þeim pöntunum, sem þá eru komnar. Þegar litið er til sölu sildarmjòls til skepnufóðurs á næstu árum fyrir 1942 og álits Búnaðarfélags Íslands frá 5. ágúst 1942, er áður getur, verður aðaláfrýjanda ekki talið það til sakar, þó að magn það af sildarmjòli, er hann hélt eftir til sölu innan lands, hrykki ekki til að fullnægja öllum pönt-

unum frá innlendum aðiljum, en eins og áður greinir, urðu þær að miklum mun meiri en áætlað hafði verið. Í málinu er það komið fram, að gagnáfrýjandi hefur fengið 225 smálestir sildarmjöls beint frá aðaláfrýjanda upp í pöntun sína frá 4. sept. 1942, eða meira en 60%. Þykir hann því ekki eiga rétt til þeirra bóta, sem hann krefst á þessum grundvelli.

Aðaláfrýjandi afhenti gagnáfrýjanda á Siglufirði sildarmjöl, er meiru nam en 60% af pöntun gagnáfrýjanda frá 4. sept. 1942. Verður krafa hans um þær kr. 530.00, er í málinu greinir, þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Sildarversmiðjur rikisins, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kaupfélags Eyfirðinga, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna

Gizurar Bergsteinssonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Hinn 4. september 1942 átti fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda símtal við skrifstofustjóra aðaláfrýjanda og pantaði sildarmjöl. Í símskeyti til gagnáfrýjanda sama dag staðfesti aðaláfrýjandi, að hann hefði selt gagnáfrýjanda 3 hundruð smálestir af sildarmjöli. Í símskeyti til gagnáfrýjanda 22. október s. á. tilkynnti aðaláfrýjandi, að hann gæti nú samkvæmt fyrimælum atvinnumálaráðuneytisins einungis lát-ið af hendi 60% af sildarmjölsþöntun gagnáfrýjanda. Þessu símskeyti svaraði gagnáfrýjandi samdægurs með símskeyti, þar sem hann m. a. lýsti því, að hann hefði pantað upphaflega 4—5 hundruð smálestir sildarmjöls, en einungis fengið loforð fyrir 3 hundruð smálestum. Þessari fullyrðingu andæfði aðaláfrýjandi ekki. Þá staðhæfði gagnáfrýjandi og í flutningi máls þessa, að 300 smálestir væri „lág-

marksafgreiðsla“, „þar eð pantaðir hefðu verið 4—5 þúsund sekkir, en seljandi ekki talið sér fært að fastlofa meiru en 3000 sekjum.“ Þessari staðhæfingu, sem var margendurtekin fyrir héraðsdómi, andmælti aðaláfrýjandi ekki, og það er ekki fyrr en málið er flutt öðru sinni í hæstarétti, að hann ber fram mótmæli gegn fullyrðingu þessari og leggur fram þeim mótmælum til staðfestingar umsögn forstjóra Sildarverksmiðja ríkisins, en forstjóri þessi tók ekki við pöntun gagnáfrýjanda á sildarmjöli 1942. Þar sem mála-vöxtum er svo háttað, sem nú var lýst, verður að miða við það, að gagnáfrýjandi hafi pantað í september 1942 4—5 hundruð smálestir sildarmjöls frá aðaláfrýjanda, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936. Nú hefur gagnáfrýjandi að vísu aðallega stutt kröfur sínar í málinu við loforð aðaláfrýjanda um sölu á 3 hundruð smálestum sildarmjöls, en gagnáfrýjandi hefur jafnframt að öðrum þræði þegar í héraði marg-sinnis lagt áherzlu á magn pöntunar sinnar, og verður því að ætla, að hann hafi gert það í því einu skyni að styðja kröfur sínar við það. Ber því að athuga einnig, hvort kröfur hans í málinu verða reistar á greindri pöntun. Verður nú tekið til úrlausnar í fyrsta lagi, hvort gagnáfrýjandi geti reist rétt á símskeyti aðaláfrýjanda frá 4. sept. 1942 og í öðru lagi á pöntun sinni og þeim fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins, er aðaláfrýjandi tjáði honum.

Um 1) Telja verður, að í símskeytinu frá 4. sept. 1942 felist loforð aðaláfrýjanda að selja gagnáfrýjanda 3 hundruð smálestir af sildarmjöli. Verður því úrlausnarefnið, hvort sú ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins, að einungis skyldu afhent 60% af pöntuðu sildarmjöli, geti haggað því loforði. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 1/1938 er aðaláfrýjanda skylt að selja samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum sildarmjöl við því verði, sem ríkisstjórnin ákveður, enda hafi aðiljar þessir pantað fyrir 30. sept. ár hvert það sildarmjöl, sem þeir telja sig þurfa.

Þar sem söluskylda aðaláfrýjanda á sildarmjöli til þeirra aðilja, er í 12. gr. getur, er reist á því sjónarmiði, að þessir aðiljar eigi þess kost að afla nauðsynlegra fóðurbirgða, eftir því sem föng eru á, þykir rétt að skýra ákvæðið þannig, að

fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda geti ekki gefið þessum aðiljum bindandi loforð um sölu ákveðins magns af sildarmjöli fyrr en eftir 30. september ár hvert, þegar séð er, hvort og að hve miklu leyti er hægt að fullnægja þeim pöntunum, sem þá hafa borizt frá greindum aðiljum. Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður aðaláfrýjandi ekki talinn bundinn við loforð sitt frá 4. september 1942.

Um 2) Leggja ber til grundvallar, svo sem áður segir, að gagnáfrýjandi hafi pantað 4—5 hundruð smálestir sildarmjöls. Ekki þykir unnt að miða úrlausn máls þessa við hærri pöntun en 4 hundruð smálestir, sbr. 66. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins átti gagnáfrýjandi því tilkall til 60% af 4 hundruð smálestum sildarmjöls frá aðaláfrýjanda. Nemur það 240 smálestum. Vantar því 15 smálestir upp á, að hann hafi fengið það magn, sem hann átti kröfu til, og skiptir hér ekki máli, þótt Samband íslenzkra samvinnufélaga hafi miðlað gagnáfrýjanda nokkru sildarmjöli, sem aðaláfrýjandi hafði selt Sambandinu kvaðalaust. Hver smálest maismjöls, sem gagnáfrýjandi varð að kaupa í stað sildarmjöls, var honum kr. 480.00 dýrari en hver smálest sildarmjöls. Verður því að ætla, að gagnáfrýjandi hafi beðið kr. 7200.00 tjón vegna þess, að hann fékk ekki áðurgreindar 15 smálestir sildarmjöls afhentar. En ekki veitir það aðiljum þeim, sem í 12. gr. laga nr. 1/1938 getur, eins og á stóð, réttindi gegn aðaláfrýjanda, þótt ekki stæðist mat fyrirsvarsmanna aðaláfrýjanda á því, hve miklu sildarmjöli skyldi haldið eftir í landinu handa þeim.

Steðfesta má ákvæði héraðsdóms um sýknu aðaláfrýjanda af greiðslu kr. 530.00, sem gagnáfrýjandi krafðist vegna þess, að hann varð að vitja 20 smálesta sildarmjöls á Djúpuvík í stað Siglufjarðar.

Samkvæmt framanrituðu teljum við rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 7200.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. júní 1944 til greiðsludags. Svo teljum við og hæfilegt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 6. nóvember 1944.

Með stefnu, dags. 23. júní 1944, krefst stefnandinn, Jakob Friðmannsson kaupfélagsstjóri, Akureyri, f. h. Kaupfélags Eyfirðinga, að stefndi, Jón Gunnarsson, framkvæmdarstjóri Sildarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, verði fyrir hönd Sildarverksmiðja ríkisins dæmdur til þess að greiða sér 36000 kr. skaðabætur fyrir að hafa vanefnt að afhenda sér 75 smálestir sildarmjöls, er um hafi verið samið að afhenda stefnanda, og krefst auk þess kr. 530.00 skaðbóta fyrir aukinn flutningskostnað á 20 smálestum sildarmjöls, er stefnandi hafi orðið að flytja frá Djúpuvík í staðinn fyrir frá Siglufirði. Þá krefst stefnandi 6% vaxta af upphæðunum frá 10. nóv. 1942 og málskostnaðar samkvæmt reikningi, en samkvæmt framlögðum reikningi er krafist kr. 3931.50 í málskostnað.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Sumarið 1942 pantaði stefnandi, að því er hann ómótmælt af andstæðingi sínum fullyrðir og eins og framlögð símskeyti hans benda til, 400—500 smálestir sildarmjöls hjá Sildarverksmiðjum ríkisins, Siglufirði. Stefndi lofaði með símskeyti 4. september að selja stefnanda 300 smálestir sildarmjöls af fyrsta flokks sildarmjöli. Þá hafði stefnandi þegar 4. september, eftir því sem ráða má af símskeyti stefnanda til S. Í. S. 17. september og ómótmælt í málflutningi stefnda, pantað 100 smálestir af sildarmjöli hjá S. Í. S., og var þaðan lofað þeirri pöntun, enda fékk hann hana. Í byrjun september höfðu stefnanda borizt pantanir á 4925 sekkjum (492½ smál.) frá ýmsum félagsmönnum, og pantanir ókomnar frá mörgum félagsmönnum. Var þá auðsett, að K.E.A. myndi þurfa miklu meira sildarmjöl en það þegar hafði fengið loforð fyrir, og það stefnandi þá S.Í.S. um að láta sig hafa meira sildarmjöl, og 17. september (1942) það stefnandi S.Í.S. að framfylgja við S.R. (Sildarverksmiðjur ríkisins), að afgreiddar yrðu a. m. k. 400 smálestir sildarmjöls til stefnanda þaðan (loforð S.Í.S. og loforð S.R.). Stefndi fékk og loforð S.Í.S. um 2500 sekki (250 smál) fiskimjöls, en fékk þó aðeins 198,3 smál. Jafnframt pantaði stefndi og fékk 50 smálestir af sildarmjöli hjá sildarverksmiðjunni Rauðku.

22. október 1942 tilkynnir stefndi stefnanda með símskeyti, að fyrst um sinn geti Sildarverksmiðjur ríkisins ekki afgreitt nema 60% af sildarmjölspöntun stefnanda, vegna þess að atvinnumálaráðuneytið fyrirskipi, að eigi skuli afgreitt nema 60% af sildarmjölínu, svo að sem mestur jöfnuður verði meðal notenda um sildarmjölið.

Í sókn stefnanda er að vísu talað um, að símskeyti stefnda til stefnanda ræði um, „að eigi verði afgreitt nema 60% af sildarmjöli

því, sem umbj. mínum hafði verið lofað,“ en dómariinn telur sig eigi bundinn við þessa skýringu málflutningsmanns stefnanda á simskeytinu, þótt sú skýring sé stefnanda meira í óhag, þar sem simskeytið er lagt fram og það fjallar um „60% af sildarmjölspöntun yðar“, þ. e. a. s. stefnanda.

Stefnandi krafði stefnda samdægurs um það, er vantaði á að afgreiða söluloforð stefnda, og hélt fast fram söluskyldu S.R., enda fékk hann nokkra viðbót afgreidda, svo að lokum vantaði ekki nema 75 smál. sildarmjöls upp á loforð stefnda.

Stefnandi, Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri (K.E.A.), kveðst kaupa sildarmjölið fyrir félagsmenn sína til þess að ná sem heppilegustum innkaupum fyrir þá og sjá þeim fyrir nauðsynlegum fóðurbæti.

Sildarmjölið kostaði 34 kr. hver 100 kg, komin á höfn á Akureyri. Vegna þess að lofaðar 75 smálestir sildarmjöls fengust ekki, kveðst K.E.A. hafa orðið að fá fyrir félagsmenn 75 smálestir maismjöls, en kilóið af máis hafi minna fóðurgildi en kiló af sildarmjöli, en í skaðabótakröfu sinni gangi hann út frá sama fóðurgildi jafns þunga sildarmjöls og maismjöls. 100 kg af máis kosti 82 kr., komin á höfn á Akureyri. Á þessum 75 smál. séu það 36000 kr., sem það kosti K.E.A. meira að kaupa 75 smál. af maismjöli en hinar lofuðu 75 smál. sildarmjöls. Krefst stefnandi, að stefndi greiði sér þá upphæð. Auk þess hafi K.E.A. ekki fengið allt sildarmjölið, sem það fékk afgreitt, afhent á Siglufirði, heldur orðið að taka 20 smál. af sildarmjöli á Djúpuvík, en flutningur á því hafi orðið 26,50 dýrari á smálest, en á sildarmjöli afhentu á Siglufirði, eða alls kr. 530.00 dýrari á umræddum 20 smál. Krefst stefnandi, að stefndi verði einnig dæmdur til að greiða sér þá upphæð.

Stefndi heldur fram, að hann hafi haldið eftir af sildarmjöli lofuðu stefnanda aðeins samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins og atvinnumálaráðherra og plöggum þeim, er þar að lúta.

Eigi því stefnandi að beina málssókn sinni gegn atvinnumálaráðherra, en ekki gegn sér. Beri því að sýkna sig vegna aðildarskorts, a. m. k. sé það ómótmælanlegt, að sér (stefnda) beri að hlýða fyrirmælum atvinnumálaráðherra, en þá rekist framkvæmd samningsins um efhendingu 300 smálesta sildarmjöls til stefnanda á síðari ráðstafanir atvinnumálaráðuneytisins, sem stefndi beri enga ábyrgð á, þótt hann verði að hlýða.

Þegar samningar gerðust milli aðilja um umræddar 300 smál. sildarmjöls, hafi ráðstöfunarréttur á mjölinu verið frjáls, þegar svo síðar átti að framkvæma samninginn, hafi úthlutun mjölsins verið komin í hendur stjórnarráðsins og ráðherra, og allt gert að fyrirmælum þessara stjórnarvalda, sem aftur höfðu stjórn Búnaðarfélags Íslands með í ráðum. Þá telur stefndi og, að stefnandi hafi eigi staðið við greiðslur sínar að greiða mjölið við afhendingu eða

a. m. k. fyrir 10. nóv. (1942), og þegar af þeirri ástæðu hafi stefnda verið heimilt að rifta sildarmjölssamningnum um það, sem óafhent hafi verið.

Þá segir stefndi:

Ríkisstjórnin og S.R. komu fram sem einn aðili um afhendingu sildarmjöls í landinu. Gegnum S.R. fékk stefnandi 225 smál. plús 100 smál. fyrir atbeina S.Í.S., samtals 325 smál. Enn fremur fékk stefnandi frá S.Í.S. 198,3 smál. af fiskimjöli, en fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar fékk S.Í.S. þetta fiskimjöl til umráða. Þá hafi stefnandi fengið 50 smál. af sildarmjöli frá verksmiðjunni Rauðku, og hafi stefnandi þannig fengið meira af sildarmjöli en S.R. hafi lofað honum.

Að því er snertir aðildarskort sem sýknunarástæðu stefnda, verður að telja rétt, að sú sýknunarástæða sé ekki fyrir hendi. Mál gegn Sildarverksmiðjum ríkisins eða gegn framkvæmdarstjóra f. h. þeirra út af ráðstöfunum, sem framkvæmdarstjóri eða stjórn verksmiðjanna hefur gert, er rétt höfðað gegn þeim, en ber eigi að höfða gegn atvinnumálaráðherra.

Í 4. lið 4. gr. laga 1/1938 stendur:

Stjórn verksmiðjanna ræður framkvæmdarstjóra, er hefur á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum. Annast hann sölu afurðanna í samráði stjórnar, og 5. liður sömu greinar sömu laga segir: Framkvæmdarstjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum prókúru.

Í 7. gr. sömu laga segir:

Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldum, sem Sildarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. desember 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi. Með orðinu „skuldum“ í 7. gr. er átt við hverja þá skuldbindingu, sem bakað getur Sildarverksmiðjum ríkisins peningaábyrgð og stofnað til skuldar.

Eftir 7. gr. hefði því borið að sýkna ráðherra eða ríkissjóð af málssókn, ef henni hefði verið beint þangað. Er því auðsætt, að Sildarverksmiðjur ríkisins hljóta að vera ábyrgar af gerðum framkvæmdarstjóra eða stjórnar, en ríkisstjórnin eða ríkissjóður ekki frekar en 7. gr. laganna ákveður, og stefndi því vera réttur aðili.

Þá hefur stefndi fært sér til málsbótar, að stefnandi hafi eigi staðið í skilum með greiðslur fyrir sildarmjölið, og stefndi því af þeim ástæðum getað rift afhendingarloforði á hinu lofaða sildarmjöli.

Hinn 24. marz 1943 krefur stefndi stefnanda um kr. 14971.80, er hann skuldi, sumpart fyrir sildarmjöl afhent í okt. 1942, sumpart fyrir sildarmjöl sent 4. marz 1943, og þar bent á, að allar sildarmjölspantanir eigi samkv. 12. gr. laga 1/1938 að hafa verið greiddar í síðasta lagi 10. nóv. s. á. (in casu: 1942).

Stefnandi svarar stefnda þessu í bréfi á þá leið, að skuld við

áramót hafi verið um 6000 kr., og hafi hann átt aðra eins upphæð álika tíma oft hjá stefnda og tilkynnir, að hann hefði getað fengið borgun strax við útskipun, ef stefndi hefði á það lagt nokkra áherzlu frekar venju. Telja verður, að miðað við viðskipti aðilja áður hefði þurft tilkynningu stefnda til stefnanda um þetta atriði, ef slíkur dráttur á greiðslu hefði átt að firra stefnanda þeim rétti til afgreiðslu sildarmjòlsins, sem hann annars hefði.

Eigi var heldur ástæða fyrir stefnanda að greiða stefnda það sildarmjöl fyrir 10. nóvember, sem stefnda vantaði á að fullnægja loforði sínu, þegar hann fyrir fram tilkynnti stefnanda, að hann léti hann ekki hafa meira sildarmjöl, og það er ómótmælt af stefnda, að það er ekki fyrr en 24. marz 1943, að stefndi sendir stefnanda reikning yfir nokkuð af sildarmjòlinu. Það er og viðurkennt, að á undanförnum árum hafi greiðsla á sildarmjòli farið átölulaust seinna fram en 12. gr. sildarverksmiðjulanganna gerir ráð fyrir. Verður því þessi sýknuástæða stefnda ekki tekin til greina.

Eftir 12. gr. laga 1/1938 er stefnda „skylt að selja samvinnufélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélagum það af sildarmjòli, sem slíkt félag panta fyrir 30. september ár hvert.“ Það er því með laga-grein þessari tryggt að lögum, að aðiljum 12. gr., — en meðal þeirra er stefnandi (K.E.A.), — skuli selt það sildarmjöl, sem þessir aðiljar panta fyrir 30. september ár hvert. Stefnandi hafði því að lögum tryggðan rétt til hins pantaða sildarmjòls hjá stefnda, ekki aðeins til hins lofaða mjòls, 300 smál., heldur líka til þess pantaða sildarmjòls hjá stefnda, 400—500 smál., áður en stefndi mátti láta nokkurn þann, er fellur ekki undir þá aðilja, er 12. gr. greinir, fá sildarmjöl. Og því aðeins kæmi takmörkun á hinu pantaða sildarmjòli til greina, að stefndi gæti ekki fullnægt öllum þeim aðiljum, sem 12. gr. nær til. En í þessu máli hefur hvorugum aðiljanna þótt taka því að veita nokkra vitneskju um, hverjir utan aðiljar 12. gr. hafi fengið afhent sildarmjöl. Þó má af málflutningnum sjá, að stefndi heldur eftir sildarmjòli fyrir nokkra, er hafa pantað sildarmjöl, en falla ekki undir 12. gr. 1. nr. 1 frá 1938. Stefnandi heldur fram, að stefndi hafi með þessu gerzt brotlegur gegn 12. gr., og svo virðist vera, en að hve miklu leyti verður ekki fullséð, þar sem pöntunarskrá á sildarmjòlinu hefur ekki verið lögð fram í málinu, enda þess eigi heldur krafizt af stefnanda hálfu. Stefnandi talar að vísu um skaðabótaskyldu stefnda samkvæmt 12. gr., en lætur þar við sitja og hefur ekki sýnt fram á, hve mikið sildarmjöl stefndi hefur selt öðrum en þeim, sem rétt áttu til þess eftir 12. gr. Þar af leiðandi verður ekki séð, hvað mikið tjón stefnandi hefur beðið við það, að stefndi hefur brotið gegn 12. gr. Telur dómariinn málið þannig flutt, að út í þá skaðabótaskyldu stefnda verði ekki frekar farið. Stefnandi leggur áherzlu á, að stefndi hafi lofað sér 300 smál. sildarmjòls, en vanti upp á það loforð 75 smál. Geti fyrirsmæli ráðherra

um að uppfylla aðeins 60% af pöntunum ekki rift því loforði, án þess að stefndi verði skaðabótaskyldur.

Stefndi átti að vita, að samkvæmt 12. gr. sildarverksmiðjula-
anna átti stefnandi tilkall til þess að fá sildarmjölspantanir sínar
afgreiddar að fullu, nema þá ef sildarmjölið nægði eigi til þess að
fullnægja þeim, sem rétt höfðu til þess að sitja fyrir sildarmjölinu
eftir 12. gr., og til þess að skammta pantanir þeirra á milli þurfti
engin skömmunarlæg. Slikt lá í hlutarins eðli eftir 12. gr. Samt lofar
stefndi stefnanda 300 smál. sildarmjöls, um mánuði áður en hann
sá fyrir pantanir allar. Verður hann að teljast skaðabótaskyldur
fyrir að rifta slíku loforði, nema gefnar hefðu verið út skömm-
unarreglur, er löglega gerði loforðið óframkvæmanlegt. Að sjálfsögðu
er stefnda skylt að hlýða fyrirmælum ráðherra um afhendingu
ólofaðs sildarmjöls, að svo miklu leyti að ekki komi í bága við 12.
gr., en ef fyrir liggja pantanir þeirra, er forgangsrétt hafa til sild-
armjölsins eftir 12. gr., þarf ekkert skömmunarákvæði til þess að
skammta pantanir milli þeirra, ef ekki er hægt að fullnægja pönt-
unum þeirra að fullu. Það liggur í hlutarins eðli, að skammta má
þeim — og jafnframt skylt —, ef ekki er nóg handa þeim. Hitt get-
ur aftur rekið sig á 12. gr. að *lofa* ákveðnu magni sildarmjöls, löngu
áður en sjáanlegt er, hvort hægt sé að fullnægja öllum, er rétt
hafa til sildarmjölsins samkvæmt 12. gr., þótt stefnda sé nokkur
vorkunn að hafa gefið ákveðið loforð vegna reynslu undanfarinna
ára. En loforðið er þó bindandi fyrir stefnda, sem hann verður
skaðabótaskyldur að rifta, ef ekki liggja fyrir lögboðnar skömm-
unnarráðstafanir, er hindri hann í að afgreiða og efna loforð sitt.

Með lögum 37/1939 er „Ríkisstjórninni“ veitt heimild til þess að
setja fyrirmæli „um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, sem til
eru í landinu,“ en til nauðsynjavöru verður að telja sildarmjöl.
Þetta gerir atvinnumálaráðuneytið og leggur fyrir stefnda að „af-
greiða aðeins 60% af pöntunum“ af sildarmjölinu, eins og
stefndi ómótmælt heldur fram. Að visu má segja, að það sé handa-
hófsákvörðun hjá atvinnumálaráðuneytinu að ákveða að afgreiða
60% af hverri pöntun án tillits til þarfa, en bæði ber málið með
sér, að þegar ákvörðun ráðuneytisins var tekin seint í október, var
enginn tími til þess að rannsaka þörfina hjá hverjum einstökum,
og þótt reglugerð hafi eigi verið gefin út, eins og 2. gr. laga 37/1939
gengur út frá, verður að telja, að ákvörðun atvinnumálaráðuneytis-
ins um að afgreiða aðeins 60% af sildarmjölspöntunum hafi verið
bindandi fyrir stefnda, og honum borið að hlýða henni, nema að
svo miklu leyti, sem álita mætti, að skömmtunin komi í bága við 12.
gr. sildarverksmiðjulaanna.

Mætti segja, að 60% skömmtunarákvörðunin væri á móti lögum,
og stefnda óskylt að hlýða henni, því að lög 37/1939 gera enga
breytingu á 12. gr. sildarverksmiðjulaanna. Það er sem sé ekki á

valdi atvinnumálaráðuneytisins að skammta sildarmjöl stefnda til annarra, fyrr en þeir, er forgangsrétt hafa til mjölsins eftir 12. gr., hafa fengið pantanir sínar að fullu. En ef sildarmjölsframleiðsla stefnda hefur ekki náð til þess að afgreiða pantanir aðilja 12. gr. að fullu, var skömmtn þeirra á milli sjálfsögð og í hlutarins eðli heimil (jafnvel án laga 37/1939).

Hitt hefur ekki verið upplýst í máli þessu, að hve miklu leyti aðrir en aðiljar 12. gr. hafa fengið (60%) af sildarmjöli stefnda, en eftir málflutningnum að dæma virðist það hafa orðið að einhverju leyti, t. d. hafa skip fengið af mjölinu o. fl., sem ekki falla inn undir 12. gr.

Hins vegar er líka eftir málflutningnum að dæma ástæða til þess að ætla, að lítið hafi kveðið að þessu og miklu minna en aðiljum 12. gr. hefur orðið gagn að þeim ráðstöfunum atvinnumálaráðuneytisins að skammta líka sildarmjöl annarra sildarmjölsframleiðenda, og auk þess hefur atvinnumálaráðuneytið greitt úr ríkissjóði 195 kr. með hverri smálest sildarmjöls til þess að lækka frá markaðsverði um þessa upphæð sildarmjölið til allra kaupenda.

Verður því að telja, að enda þótt slæðzt hafi með nokkrar sildarmjöls pantanir til stefnda á sildarmjöli frá þeim, er eigi höfðu forgangsrétt til mjölsins eftir 12. gr., — og það er eigi vitað nema að hafi verið að mjög óverulegu leyti —, þá geti það ekki í heild gert skömmtnarákvörðun ráðuneytisins ógilda, og að stefnda hafi því borið að hlýða þessari skipun, og hún því gert loforð stefnda óframkvæmanlegt (nema 60%).

Jafnvel þótt skömmtnarákvörðunin hefði verið ólögmaet, og stefnda því eigi borið að hlýða henni og því verið skaðabótaskyldur fyrir vanefnd loforðs síns, þá hefur atvinnumálaráðuneytið þegar með ráðstöfunum sínum á útvegum fiskimjöls handa sildarmjöls-pantendum meir en bætt stefnanda tjón það, er hann hefði orðið fyrir af vanefnd loforðs stefnda.

Stefnandi fær (að visu frá S.Í.S.) fiskimjöl — vegna útvegunar atvinnumálaráðuneytisins —, sem sparar honum meir hin dýru og óhentugu maismjölskaup en sildarmjöl það, sem stefnda — vegna aðgerða ráðuneytisins — vantar á að uppfylla loforð sitt til stefnanda. Þótt stefnandi fái fiskimjölið ekki beint frá atvinnumálaráðuneytinu, er það eingöngu vegna ráðstafana ráðuneytisins, að S.Í.S. getur afhent stefnanda fiskimjölið. Ef á að líta á þær ráðstafanir ráðuneytisins, sem valda stefnanda tjóni og valda því, að stefndi þeirra vegna uppfyllir ekki loforð sitt að fullu, hlýtur að mega draga frá „tjóninu“ það gagn, þann hagnað, fyrir stefnanda, sem leiðir af ráðstöfunum ráðuneytisins, og þar sem hagnaðurinn fyrir stefnanda við að fá fiskimjölið, 198,3 smál., sem hann fær, er meiri en af því að fá loforðið fyrir sildarmjölið uppfyllt að öllu, yrðu skaðabæturnar — þótt annars hefðu haft við lög að styðjast, — sem dóm-

arinn telur ekki, að fullu greiddar, og krafa stefnanda á stefnda fyrir bríð loforðsins að engu orðið.

Skaðabótakrafa stefnanda fyrir bríð loforðs stefnda hefur því eigi við rök að styðjast.

Þó kemur til álita, hvort skaðabótakrafa stefnda vegna vantandi 75 smál. sildarmjöls leiðir ekki af því, að hann hafi vantað upp á að fá 60% af pöntun sinni, hvort hann vanti ekki einmitt 75 smál. sildarmjöls upp á pöntun sína.

Stefnandi heldur því fram í máli þessu, að hann hafi vantað í samtali hjá stefnda, öll pöntunin virðist gerð í samtali, eftir því sem haldið er fram í málflutningi stefnanda, 400—500 smál. sildarmjöls, og þar sem því er ekki mótmælt af stefnda, verður að skoða það sem viðurkennt af stefnda, að stefnandi hafi vantað hjá honum 400—500 smál. af sildarmjöli, og 22. okt. 1942 sendir stefndi stefnanda simskeyti þess efnis, að „samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins“ geti hann fyrst um sinn „aðeins afgreitt 60% af sildarmjölspöntun“ stefnanda. Hér er ekki talað um 60% af sildarmjölslóforðinu. Dómarinn lítur svo á, að sildarmjölspöntun stefnanda sé ekki 300 smál. (sildarmjölslóforð stefnda), heldur 400—500 smál.

Er þá fyrst að ákveða, hvaða tölu á hér að leggja til grundvallar af fyrrgreindri „svigrúms“tölu pöntunarinnar.

Það er nú gefið, að pöntunin er a. m. k. 400 smál. 60% af þeirri tölu er 240 smál., sem stefndi ætti a. m. k. að standa stefnanda skil á. Nú hefur stefndi afgreitt til stefnanda 225 smál., ætti hann þá, ef aðeins væri miðað við lágmarkstöluna, að standa stefnanda skil á 15 smál. sildarmjöls og verða skaðabótaskyldur sem því svarar.

En dómarinn telur, að ákvæði 66. greinar laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922 komi hér til greina. Þar stendur:

„Ef varningur er keyptur með þeim ákvæðum, er gefa nokkurt svigrúm um mergð hans, þyngd eða stærð ..., þá veitir það seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sé ljóst af atvikum, að svigrúmið sé ætlað kaupanda til hagsmuna.“

Undir eins og skömmtnun kemur til greina, er auðsætt, að svigrúmið við pöntun með svigrúmi er pantanda til hagsmuna. Þegar skammta á pöntun með svigrúmi og það niður fyrir lágmark pöntunar, er auðsætt, að pantanda er til hagsbóta, að skömmtnunin sé miðuð við hámark pöntunarinnar.

Virðist því dómaranum rétt eftir nefndu lagaákvæði að miða 60% af pöntun stefnanda við hámark hennar, reikna 60% af hámarki pöntunar hans. Eru það 60% af 500 smál. sildarmjöls, sem eru 300 smál., sem stefndi eftir því eigi að afgreiða til stefnanda, eða m. ö. o. vanti 75 smál. á þá afgreiðslu stefnda til stefnanda, sem lög standa til, að stefndi inni af höndum til stefnanda, og verði stefndi skaðabótaskyldur sem því svari. Að stefnandi eigi að fá 60% af

hámarki pöntunar sinnar virðist og einnig leiða af 12. gr. laga nr. 1 frá 1938; sú grein áskilur samvinnufélögum o. fl. aðiljum forkaupsrétt að sildarmjöli S.R. Stefnandi er samvinnufélag. Stefnandi á því að fá hámark sinnar pöntunar, ef nóg væri fyrir alla aðilja, er eftir 12. gr. eiga rétt til sildarmjöls, af sildarmjöli, áður en farið yrði að selja öðrum, er engan forgangsrétt eiga til mjölsins eftir 12. gr.

Hann á því ekki síður að fá 60% af hámarkspöntun sinni, þegar það virðist hægt án þess að ganga fram yfir 60% á rétt aðiljanna, er forgangsrétt eiga til mjölsins. En svo virðist sem nokkrir, er eigi hafa forgangsrétt til sildarmjölsins eftir 12. gr. laga nr. 1 frá 1938, hafi fengið sildarmjöl við, að 60% skömmtnunarinnar til stefnanda er miðuð við minna en *hámark* pöntunar hans (minna jafnvel en við lágmark pöntunar hans).

Að stefnandi fær samkvæmt pöntun sinni frá S.Í.S. 100 smál. sildarmjöls og frá Rauðku 50 smál. sildarmjöls getur alls ekki dregið úr skyldu stefnda til þess að láta stefnanda fá 60% af sildarmjölsþöntun sinni hjá honum, eins og atvinnumálaráðuneytið virðist hafa gert að almennri reglu, að stefndi skyldi gera.

Verður því að telja, að stefnda hafi verið skylt að afhenda stefnanda 75 smál. meira af sildarmjöli en hann hefur afhent eða alls 300 smál. sildarmjöls, og að það sé í samræmi við 60% skömmtnar-ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins.

Fiskimjölsútveganir atvinnumálaráðuneytisins geta ekki talizt til uppbótar fyrir stefnda, þar sem fiskimjölið er af ráðuneytinu útvegað til uppbótar, að pantendur fái ekki nema 60% af sildarmjölsþöntunum sínum, en ekki til þess að vera uppbót á, að sildarmjölsþantendur fengu ekki 60% af sildarmjölsþöntunum sínum, eins og in casu virðist um stefnanda. Þótt hið útvegaða fiskimjöl geri meir en bæta upp það, sem vantaði á, að stefnandi fengi 60% af hámarkspöntun sinni, þá getur það ekki losað stefnda við ábyrgð undan því að hafa ekki látið stefnanda fá 60% af hámarkspöntun hans.

Stefnandi átti að fá 60% af hámarkspöntun sinni og fiskimjölið að auki.

Að visu má á móti þessu koma með þá mótbáru, að sennilegt sé, að stefnandi hefði fengið minna af fiskimjölinu, ef hann hefði fengið 60% af hámarkspöntun sinni á sildarmjölinu.

Þótt ekki væri fjarstæða að ætla, að stefnandi hefði fengið minna af fiskimjölinu, ef hann hefði fengið 75 smál. meira af sildarmjölinu, þá er flutningur málsins þannig, að ekkert verður um það fullyrt með vissu, enda fékk stefnandi ekki nema nokkuð af því fiskimjöli, sem hann hafði pantað hjá S.Í.S. Stefnandi átti að fa 60% af (hámarks) sildarmjölsþöntun sinni og svo mikið af fiskimjöli, sem efni stóðu til. Verður því að telja stefnda skaðabóta-

skyldan til stefnanda fyrir að vanta skuli 75 smál. sildarmjöls á, að stefnandi fengi 60% af hámarkssildarmjölspöntun sinni.

Dómaranum er ljóst, að stefnandi hefur ekki í málflutningingi sínum tilfært þá málsástæðu fyrir kröfu sinni, að hann hafi ekki fengið 60% af sildarmjölspöntun sinni, og því síður, að 60% eigi að miða við hámark pöntunar hans. En með því að minnast á, að hann hafi pantað 400—500 smál., virðist af því ljóst, að hann vill ekki firra sig nokkrum rétti í þeim efnunum, og verður að telja, að það sé framsett til þess að stuðla að dómsniðurstöðu á kröfu hans, eins og líka það að benda á skaðabótaskyldu stefnda eftir 12. gr. er gert í sama tilgangi án þess þó að draga neinar ályktanir út frá því, og hlýtur af þeirri grein og af 66. gr. laga nr. 39 frá 1922 að leiða, að 60% skömmtunina á að reikna af hámarki sildarmjölspöntunar stefnanda, þótt það komi ekki fram í málsútlitun stefnanda. Slikt leiðir af lagareglum. Framkoma umboðsmanns stefnanda verður því ekki túlkuð þannig, að hann hafi viljað svipta umbjóðanda sinn neinum þeim rétti, er hann hefði að lögum í máli þessu, og þykir því bera að leggja dóm á málið að þessu leyti samkvæmt framanrituðu, sbr. 113. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Stefnandi telur, að hver eitt hundrað kíló maismjöls kosti sig á höfn á Akureyri 82 kr., en af sildarmjöli 34 kr. Tjón það á hverjum 100 kg, sem hann vantar af sildarmjöli á að fá 60% af hámarks-sildarmjölspöntun hans, sé því 48 kr. á hvert eitt hundrað kíló eða 36000 kr. fyrir þau 75000 kíló, sem vanti alls á, að hann fái 60% af (hámarks) pöntun sinni.

Þar sem stefndi hefur ekki mótmælt verði maismjölsins og telja verður alkunna, að fóðurgildi sildarmjöls sé a. m. k. ekki minna — heldur meira — en maismjöls, verður að telja, að tjón stefnanda sé það, er nú var lýst.

Telur dómariinn stefnda skyldt að greiða stefnanda þessa upphæð fyrir að hafa látið 75 smál. vanta á þá almennu reglu, sem atvinnu-málaráðuneytið lagði fyrir stefnda að afgreiða sildarmjölspantanir eftir.

Þá er krafa stefnanda um 530 kr. úr hendi stefnda fyrir að hafa þurft að taka sildarmjöl, 20 smál., í Djúpuvík í stað Siglufjarðar, og byggði stefnandi það á umræddu sildarmjölsloforði stefnda.

Þessi krafa hefur eigi við næg rök að styðjast.

Það er alls ekki sannað af skjölum málsins, að stefndi hafi lofað síðarmjölinu í Siglufirði, og virðist eftir símskeyti stefnda í málinu hann enga slíka skuldbindingu hafa undirgengizt.

Verður því að sýkna stefnda af þessari kröfu stefnanda.

Stefnda ber því að greiða stefnanda 36000 kr. í skaðabætur, en í vexti aðeins 5% og aðeins frá stefnubirtingardegi, 24. júní 1944, en vera sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Eftir þessum málavöxtum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er álizt hæfilegur 3000 kr.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndi, Jón Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Siglufirði, greiði fyrir hönd Sildarverksmiðja ríkisins stefnandanum, Jakob Friðmannssyni kaupfélagsstjóra, Akureyri, f. h. Kaupfélags Eyfirðinga 36000 kr. með 5% ársvöxtum frá 24. júní 1944 og 3000 kr. í málskostnað, en sé sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Hið ídæmda að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. júní 1947.

Nr. 76/1945. **Jónas Hvannberg** (Hrl. Einar B. Guðmundsson) gegn

Skapta Davíðssyni og Davíð Jóhannessyni og gagnsök (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómarar Kristján Kristjánsson borgarfégeti og hrl. Theódór B. Línal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Deilt um gildi byggingarbréfs og samnings varðandi fasteign.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 8. júní 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýkn dæmdur, en til vara:

- 1) að gilt verði metið byggingarbréf það, sem aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi Davíð Jóhannesson gerðu með sér hinn 22. janúar 1941 um $1\frac{3}{16}$ hluta háflendunnar Úteyjar II í Laugardalshreppi, þó með þeirri breytingu á 1. grein byggingarbréfsins, að nefndur jarðarhluti sé löglega byggður aðaláfrýjanda til lifstiðar og að gagnáfrýjandi Davíð Jóhannesson hafi um þenna ábúðartíma afsalað sér og þeim aðiljum, er getur í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1933, rétti til þess að taka hinn leigða jarðarhluta úr ábúð aðaláfrýjanda, og
- 2) að gildur verði metinn samningur aðaláfrýjanda og